


Gildandi deiliskipulag tók gildi 10. apríl 2018 - mkv. 1:1000




Deiliskipulagsbreyting - mkv. 1:1000



Aðalskipulag Dalvíkur 2008 - 2020 - mkv. 1:10.000

## Lýsing á breytingum á deiliskipulagi

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á deiliskipulagsuppdrætti sem tók gildi í B-deild þann 10. apríl 2018:

1. Parhúsalóðunum nr. 9a og 9b við Hringtún er breytt í lóð fyrir þriggja íbúða raðhús. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er óbreytt 300 m². Eftir breytingu verður lóðin nr. Hringtún 9a - 9b og 9c.
2. Einbýlishúsalóðunum nr. 17 og 19 við Hringtún er breytt í lóðir fyrir parhús. Einnig er lóðarmörkum á milli fyrrgreindra lóða breytt þannig að lóðirnar verði jafnstórar að flatarmáli. Byggingingarreitum lóðanna er breytt til samræmis við breytingu á lóðarstærðum. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er óbreytt 260 m². Eftir breytingu fá lóðirnar númerin Hringtún 17a - 17b og 19a - 19b.
3. Afmarkaður er byggingarreitur utanum 20 m² garðhús á efri hluta einbýlishúsalóðarinnar Hringtún 30.
4. Einbýlishúsalóðirnar Hringtún 42 og 44 eru sameinaðar í eina lóð og breytt í fjögurra íbúða raðhúsalóð sem fær þá númerin Hringtún 42 - 44 - 46 - 48. Hús á lóðinni skulu eftir breytingu vera á einni hæð í stað tveggja. Suðurmörkum sameinaðrar lóðar er hliðrað til norðurs og minnkar flatarmál lóðarinnar úr 2402.2 niður í 2212.7 eða um 189.5 m². Hámarksbyggingarmagn innan nýrrar sameinaðar lóðar eykst um 80.0 m², fer úr 640 og í 720 m². Byggingarreitir breytast samhliða til samræmis við sameiningu og breytingu á nýtingu lóðanna.
5. Einbýlishúsalóð við Skógarhóla 11 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð og fær þá númerin 11a, 11b og 11c við Skógarhóla. Núverandi göngustígur sunnan við lóðina er lagður af. Lóðin er stækkuð til austurs, fer úr 1061.4 m² upp í 1165.2 m² og nemur stækkunin um 103.8 m². Hámarksbyggingarmagn lóðarinnar eykst um 120.0 m², fer úr 300 og í 420 m². Byggingarreitur breytist til samræmis við stækkun og breytingu á nýtingu lóðarinnar.

Færðar eru inná uppdrátt eftirfarandi breytingar sem búið er að grenndarkynna:

a. Hringtún 25 - byggingarreitur stækkaður til suðurs og austurs. Grenndarkynnt 2017.
b. Böggvisbraut 20 - byggingarreitur stækkaður til suðurs. Grenndarkynnt 2017.

Grunnkort er uppfært með þegarbyggðum húsum.

Eftir kynningarfund dags. 6. ágúst 2019 voru gerðar tvær minniháttar breytingar á þeim drögum sem kynnt voru á fundinum.

Breyting B á uppdrætti, dags. 14.02.2020. Í kjölfar ábendinga og athugasemda nágranna, samþykkti umhverfisráð að gera eftirfarandi breytingar á uppdrætti:

- Að vísa umfjöllun um nýtingu svæðis norðan Hringtúns til endurskoðunar aðalskipulags og falla frá nýrri lóð við Hringtún 20-22 á þessu stigi.
- Bæta við byggingarreitum fyrir sambyggða bílskúra á lóðunum Böggvisbraut 10 og Steintúni 1 til samræmis samþykkta aðaluppdrætti frá 1980.

Breytingarnar kalla ekki á að tillagan verði auglýst að nýju.

Engin breyting er gerð á skilmálum greinargerðar sem tók gildi í B-deild þann 10. apríl 2018. Greinargerð er uppfærð með tilliti til fjölda húsa og íbúða og skerpt er á skilgreiningu húsgerðar E2, sem skal standa fyrir tveggja hæða hús í stað húsa á allt að tveimur hæðum.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar er samkvæmt 1. mgr. 43. gr. nr.123/2010 m.s.br. og var auglýst frá 11.desember 2019 með athugasemdafresti til 31. janúar 2020.

Samþykkt í Umhverfisráði 14.02.2020 og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18.02.2020.

[signature] [stamp: Dalvíkurbyggð Sveitarstjóri]
Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 26/6 2020.

### Skýringar

- Skipulagsmörk
- Göngustígur
- Lóðarmörk, íbúðarlóðir
- Byggingarreitur
- Bílastæði
- Lóðarlínur sem falla út
- Mörk lóðarhluta til sérafnota
- 30 Hámarkshraði 30 km/klst.
- E2 6.0/8.2 0-20° 260m² — Húsgerð | Mesta vegghæð/mænishæð; Þakhalli | Hámarks bygg.magn
- F= Flatarmál lóðar
- E1 Einbýlishús á einni hæð
- E2 Einbýlishús á tveimur hæðum
- R1 Raðhús á einni hæð
- R2 Raðhús á tveimur hæðum
- P1 Parhús á einni hæð
- B1 Bílgeymsla
- 1 Húsnúmer
- Núverandi hús innan skipulagssvæðis
- Spennistöð
- Opið, óbyggt svæði
- Grunnkort, hæðarlínur

Deiliskipulagsuppdrætti þessum fylgir breytt greinargerð dags. breytt í febrúar 2020 og húsakönnun dags. nóvember 2017, uppfærð í febrúar 2020.

# Hóla- og Túnahverfi Dalvík — Dalvíkurbyggð

aðalhönnuður: Ágúst Hafsteinsson arkitekt
hönnunarstjóri: Ágúst Hafsteinsson arkitekt
verk:
kvarði: 1:1000
efni: Deiliskipulagsbreyting.
dags: 31.05.2019 a: 14.02.2020 b: c: d: e: blað: 1A

form

Ágúst Hafsteinsson kt: 220361-4979 arkitekt FAÍ

form ráðgjöf ehf. kt: 611206-0460 Kaupangi v/Mýrarvegi 600 Akureyri sími: 462 6099 gsm: 891 7970 - form@nett.is